

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 305/2013**

2014/EES/54/53

frá 26. nóvember 2012

**um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB að því er varðar samræmda
veitingu rekstrarsamhæfðs neyðarnúmers fyrir öikumenn á vegum (e. *eCall*) innan alls
Evrópusambandsins (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB frá 7. júlí 2010 um ramma um útbreiðslu skynvæddra flutningakerfa á sviði flutninga á vegum og um tengingu þeirra við aðra flutningsmáta ⁽¹⁾, einkum 7. gr.,

að höfðu samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2010/40/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin samþykki framseldar gerðir að því er varðar þær forskriftir sem nauðsynlegar eru til að tryggja samrýmanleika, rekstrarsamhæfi og samfelldni með hliðsjón af útbreiðslu og hagnýtri notkun skynvæddra flutningakerfa.
- 2) Samkvæmt d-lið 3. gr. tilskipunar 2010/40/ESB telst samræmd veiting rekstrarsamhæfðrar neyðarnúmeraþjónustu fyrir öikumenn á vegum innan alls Evrópusambandsins vera forgangsáðgerð. Framkvæmdastjórnin ætti því að samþykkja nauðsynlegar forskriftir á þessu sviði.
- 3) Í 26. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu) ⁽²⁾ er þess krafist að upphringingum í samevrópska neyðarnúmerið 112 sé svarað og brugðist við þeim með viðeigandi hætti sem hentar best landsbundnu skipulagi neyðarkerfa, þ.m.t. viðbragðsstöðvar fyrir neyðarsímtöl (opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar).

4) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar „Neyðarnúmer fyrir öikumenn á vegum (e. *eCall*): Tími til útbreiðslu“ ⁽³⁾, er gert ráð fyrir nýjum stjórnvaldsráðstöfunum til að flýta útbreiðslu neyðarnúmeraþjónustu fyrir öikumenn á vegum í Sambandinu. Ein af þeim ráðstöfunum sem lagðar eru til er að það sé skyldubundið að gera nauðsynlegar endurbætur á grunnvirki opinberra neyðarsímsvörunarstöðva svo þær geti með tilhlýðilegum hætti tekið á móti og afgreitt símtöl í neyðarnúmer fyrir öikumenn á vegum.

5) Samkvæmt tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2011/750/ESB ⁽⁴⁾ um stuðning við neyðarnúmeraþjónustu fyrir öikumenn á vegum (e. *eCall*) innan alls Evrópusambandsins á rafrænum fjarskiptanetum fyrir flutning á neyðarsímtölum úr ökutækjum á grundvelli 112 („eCalls“) ber aðildarríkjunum að upplýsa til hvaða opinberu neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir öikumenn á vegum skuli beina símtölum í neyðarnúmer fyrir öikumenn á vegum og tryggja að rekstraraðilar farsímaneta meðhöndli símtölin með viðeigandi hætti.

Búist er við að með því að stytta viðbragðstíma neyðarþjónustu muni rekstrarsamhæft neyðarnúmer fyrir öikumenn á vegum innan alls Evrópusambandsins draga úr fjölda dauðsfalla í Sambandinu sem og alvarlegum meiðslum af völdum umferðarslysa.

7) Einnig er búist við að rekstrarsamhæft neyðarnúmer fyrir öikumenn á vegum innan alls Evrópusambandsins muni spara samfélaginu með því að bæta atvikastjórnun og með því að fækka umferðarteppum á vegum og eftirslysum af völdum annarra slysa.

8) Vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við afgreiðslu opinberra neyðarsímsvörunarstöðva, neyðarþjónustu og samstarfsaðila í þjónustu á símtölum í neyðarnúmer fyrir öikumenn á vegum fer fram í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽⁵⁾ og í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 91, 3.4.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 207, 6.8.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð EB L 108, 24.4.2002, bls. 51.

⁽³⁾ COM (2009) 434 lokagerð.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 303, 22.11.2011, bls. 46.

⁽⁵⁾ Stjútíð EB L 281, 2.11.1995, bls. 31.

persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) ⁽⁶⁾. Aðildarríkin skulu tryggja að sýnt sé fram á að farið sé að þessu ákvæði, með landsbundnum gagnaverndaryfirvöldum, annaðhvort í tengslum við fyrirframeftirlit, s.s. fyrirframtilkynningar, eða eftirlit sem er framkvæmt eftir á, s.s. í tengslum við kvartanir og rannsóknir.

- 9) Rekstrarsamhæfð neyðarnúmeraþjónusta fyrir ökumenn á vegum innan alls Evrópusambandsins fylgir tilmælum starfshóps skv. 29. gr. um gagnavernd og er að finna í „vinnuskjalinu um gagnavernd og afleiðingar framtaksverkefnisins um neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum á friðhelgi einkalífsins“, sem var samþykkt 26. september 2006 (1609/06/EN — WP 125). Ökutæki, sem eru búin neyðarsímtalsbúnaði fyrir ökumenn á vegum, skulu vera órekanleg í venjulegri notkunarstöðu. Lágmarksgagnamengi, sem sent er með neyðarsímtalsbúnaði (þ.e. þegar hann er settur í gang), skal innihalda lágmarksupplýsingar sem krafist er til viðeigandi afgreiðslu neyðarsímtala.
- 10) Við útbreiðslu grunnvirkis fyrir opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum skulu aðildarríkin, með fyrirvara um tilskipun 95/46/EB, hafa hliðsjón af „vinnuskjalinu um gagnavernd og afleiðingar framtaksverkefnisins um neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum á friðhelgi einkalífsins“, sem var samþykkt af starfshópi skv. 29. gr. um gagnavernd 26. september 2006 (1609/06/EN — WP 125).
- 11) Mikilvægt er að öll aðildarríki þróa sameiginlegar tæknilausnir og starfsvenjur við veitingu neyðarnúmeraþjónustu. Vinna ætti að þróun sameiginlegra tæknilausna gegnum evrópskar staðlastofnanir, til þess að auðvelda innleiðingu neyðarnúmeraþjónustunnar fyrir ökumenn á vegum, tryggja rekstrarsamhæfi og samfellu þjónustunnar innan alls Evrópusambandsins, og draga úr kostnaði við innleiðinguna fyrir Sambandið í heild sinni.
- 12) Evrópsku staðlastofnanirnar, Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu og Staðlasamtök Evrópu hafa þróað sameiginlega staðla fyrir útbreiðslu samevrópsku neyðarnúmeraþjónustunnar fyrir ökumenn á vegum, sem þessi reglugerð vísar til.
- 13) Grunnvirki, sem eru nú þegar útbreidd, ættu að fá nægilegan tíma til endurnýjunar og því skal reglugerðin gilda um þau 12 mánuðum eftir að hún hefur öðlast gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er kveðið á um forskriftir vegna endurnýjunar á grunnvirki opinberra neyðarsímsvörunarstöðva, sem krafist er fyrir rétta móttöku og afgreiðslu símtala í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum til að tryggja samhæfi, rekstrarsamhæfi og samfelldni og samræmda neyðarnúmeraþjónustu fyrir ökumenn á vegum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „neyðarþjónusta“: þjónusta sem er viðurkennd sem slík af aðildarríkinu, sem veitir aðstoð tafarlaust og hratt við aðstæður þar sem einkum bein hætta steðjar að lífi eða limum einstaklinga, almannaheilbrigði eða -öryggi eða eignum í einkaeigu eða eigu hins opinbera eða umhverfinu, í samræmi við landslöggjöf,
- b) „opinber neyðarsímsvörunarstöð“: staðurinn þar sem tekið er á móti neyðarsímtölum og er á ábyrgð opinbers yfirvalds eða einkarekinnar stofnunar sem er viðurkennd af aðildarríkinu,
- c) „opinber neyðarsímsvörunarstöð, sem hentar best“: opinber neyðarsímsvörunarstöð sem er skilgreind fyrirfram af yfirvöldum, sem bera ábyrgð, til að taka á móti neyðarsímtölum frá tilteknu svæði eða neyðarsímtölum af tiltekinni tegund,
- d) „opinber neyðarsímsvörunarstöð fyrir neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum“: neyðarsímsvörunarstöð, sem hentar best, sem er skilgreind fyrir fram af yfirvöldum til að taka á móti og afgreiða símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum,
- e) „talsímavörður í opinberri neyðarsímsvörunarstöð fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum“: einstaklingur á neyðarsímsvörunarstöð fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum sem tekur á móti og/ eða afgreiðir neyðarsímtöl,
- f) „þjónustuaðili“: opinber eða einkarekin stofnun, sem er viðurkennd af landsyfirvöldum og sem hefur það hlutverk að meðhöndla atvik í tengslum við símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum (t.d. rekstraraðili vega, aðstoðarþjónusta),
- g) „búnaður í ökutæki“: búnaður í ökutæki, sem veitir aðgang eða hefur aðgang að þeim gögnum ökutækisins sem eru nauðsynleg til að flytja símtal í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum úr ökutæki um almennt, þráðlaust fjarskiptanet,
- h) „símtal í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum“ (sem um getur í tilskipun 2010/40/ESB sem „rekstrarsamhæft neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum innan ESB“): neyðarsímtal úr ökutæki í númerið 112, sem hringt er annaðhvort sjálfvirkt með virkjun innbyggðra nema í ökutækinu eða handvirkt, sem flytur staðlað lágmarksgagnamengi og kemur á hljóðrás milli ökutækisins og opinberrar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum, um almenn, þráðlaus fjarskiptanet,

⁽⁶⁾ Stjórn EB L 201, 31.7.2002, bls. 37.

- i. „flutningur símtals í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum“: að koma á þráðlausum samskiptum um almennt fjarskiptanet og flutningur lágmarksgagnamengis frá ökutæki til opinberrar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir neyðarsímtöl úr ökutækjum og að koma á hljóðrás á milli ökutækisins og sömu neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum,
- j) „lágmarksgagnamengi“: upplýsingar, sem skilgreindar eru í staðlinum „Road transport and traffic telematics — eSafety — eCall minimum set of data (MSD)“ (EN 15722), sem eru sendar til opinberrar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum,
- k) „verksmiðjunúmer ökutækis“: alstafakóði, sem framleiðandi úthlutar ökutæki til þess að tryggja rétta auðkenningu sérhvers ökutækis, eins og lýst er í ISO-staðli 3779,
- l) „þráðlaust fjarskiptanet“: þráðlaust fjarskiptanet með einsleitri yfirfærslu á milli aðgangsstaða nets,
- m) „almennt, þráðlaust fjarskiptanet“: þráðlaust fjarskiptanet sem er öllum aðgengilegt í samræmi við tilskipun 2002/22/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB ⁽⁷⁾,
- n) „neyðarstjórnstöð“: aðstaða sem notuð er fyrir eina eða fleiri tegundir neyðarþjónustu til að afgreiða neyðarsímtöl,
- o) „óunnið lágmarksgagnamengi“: framsetning lágmarksgagnamengis sem sent er áður en það er birt talsímaverði á neyðarsímsvörunarstöð fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum með skiljanlegum hætti.

3. gr.

Kröfur fyrir neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum

1. Aðildarríkin skulu tryggja að allar opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum séu í stakk búnað til að afgreiða neyðarsímtöl úr ökutækjum og taka við lágmarksgagnamengi sem er upprunnið í búnaði í ökutæki samkvæmt stöðlunum „Intelligent transport system — eSafety — PanEuropean eCall-Operating requirements“ (EN 16072) og „Intelligent transport systems — eSafety — eCall High Level Application Requirements (HLAP)“ (EN 16062).
2. Opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum skulu afgreiða neyðarsímtöl úr ökutæki eins hratt og skilvirkt og hvert annað símtal í samevrópska neyðarnúmerið 112. Neyðarsímsvörunarstöðvar

fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum skulu vinna úr neyðarsímtölum í samræmi við kröfur landsbundinna reglna um vinnslu neyðarsímtala.

3. Opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum skulu geta tekið á móti gagnainnihaldi lágmarksgagnamengisins og birt það talsímaverði neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum með skýrum og skiljanlegum hætti.

4. Opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum skulu hafa viðeigandi aðgang að landupplýsingakerfi (GIS) eða sambærilegu kerfi sem gerir talsímaverði neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum kleift að greina staðsetningu og stefnu ökutækisins með lágmarksnákvæmni, eins og skilgreint er í EN 15722, að því er varðar hnit lágmarksgagnamengis.

5. Framangreindar kröfur skulu gera neyðarsímsvörunarstöðvum fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum kleift að gefa upp staðsetningu, tegund virkjunar neyðarsímtals í ökutækinu (handvirkt eða sjálfvirkt) og önnur gögn sem skipta máli fyrir viðkomandi neyðarþjónustu eða þjónustuaðila.

6. Opinber neyðarsímsvörunarstöð fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum (sem tekur upphaflega við neyðarsímtalinu úr ökutækinu) skal koma á hljóðsamskiptum við ökutækið og meðhöndla gögn neyðarsímtalsins frá ökutækinu, og ef nauðsyn krefur, getur opinbera neyðarsímsvörunarstöðin fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum beint símtalinu og lágmarksgagnamenginu til annarrar opinberrar neyðarsímsvörunarstöðvar, neyðarstjórnstöðvar eða þjónustuaðila, samkvæmt landsbundinni málsmeðferð sem landsyfirvald ákveður. Sé neyðarsímtalinu beint annað er heimilt að gera það um gagna- eða hljóðtengingu, eða helst bæði.

7. Ef við á og með hliðsjón af landsbundinni málsmeðferð og löggjöf er heimilt að veita opinberri neyðarsímsvörunarstöð fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum og viðeigandi neyðarþjónustu eða þjónustuaðila, aðgang að eiginleikum ökutækisins, sem finna má í landsbundnum gagnagrunni og/eða öðrum viðeigandi úrræðum, til þess að fá þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að meðhöndla símtal í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum, nánar tiltekið til að mögulegt sé að túlka verksmiðjunúmer ökutækis og setja fram viðkomandi viðbótarupplýsingar, einkum gerð ökutækis og tegund.

4. gr.

Samræmismat

Aðildarríkin skulu tilnefna lögbær yfirvöld fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum til að meta samræmi aðgerða opinberra neyðarsímsvörunarstöðva fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum við kröfurnar, sem taldar eru upp í 3. gr., og skulu tilkynna það til framkvæmdastjórnarinnar. Samræmismatið skal byggjast á þeim hluta staðalsins „Intelligent transport systems — eSafety — eCall end to end conformance testing“ (EN 16454), sem tengist samræmi opinberra neyðarsímsvörunarstöðva við samevrópsk neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum.

⁽⁷⁾ Stjórn EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

5. gr.

Skuldbindingar í tengslum við útbreiðslu grunnvirkis opinberra neyðarsímsvörunarstöðva fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum

Aðildarríki skulu tryggja að reglugerð þessari sé beitt við útbreiðslu á grunnvirki opinberra neyðarsímsvörunarstöðva fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum til meðhöndlunar á rekstrarsamhæfa neyðarnúmerinu fyrir ökumenn innan alls Evrópusambandsins, í samræmi við meginreglurnar fyrir forskriftir og útbreiðslu, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við tilskipun 2010/40/ESB. Þetta hefur ekki áhrif á rétt hvers aðildarríkis til að ákveða útbreiðslu á grunnvirki opinberu neyðarsímsvörunarstöðvarinnar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum vegna meðhöndlunar á rekstrarsamhæfa neyðarsímanúmerinu fyrir ökumenn innan alls Evrópusambandsins, á yfirráðasvæði sínu. Þessi réttur er með fyrirvara um hvers konar lagagerðir sem samþykktar eru samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2010/40/ESB.

6. gr.

Reglur um friðhelgi einkalífs og gagnavernd

1. Litið skal svo á að opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar, þ.m.t. opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum, séu ábyrgðaraðilar gagna í skilningi d-liðar 2. gr. tilskipunar 95/46/EB. Þegar senda á gögn er varða símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum til annarra neyðarstjórnstöðva eða þjónustuaðila, skv. 5. mgr. 3. gr., skal einnig litið svo á að hinir síðarnefndu séu ábyrgðaraðilar gagna. Aðildarríkin skulu tryggja að vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við meðhöndlun neyðarsímsvörunarstöðva, neyðarþjónustu og þjónustuaðila á símtölum í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum sé framkvæmd í samræmi við tilskipanir 95/46/EB og 2002/58/EB og að landsbundnum gagnaverndaryfirvöldum sé sýnt fram á að farið sé að ákvæðum þessara tilskipana.

2. Aðildarríkin skulu sérstaklega tryggja að persónuupplýsingar séu verndaðar fyrir misnotkun, þ.m.t. ólögætum aðgangi, að þeim sé breytt eða að þær tapist og að settar séu samskiptareglur á viðeigandi stigi varðandi geymslu persónuupplýsinga, hversu lengi þær eru varðveittar, vinnslu þeirra og vernd og sjá til þess að farið sé að þessum reglum.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. nóvember 2012.

7. gr.

Reglur um bótaábyrgð

1. Opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum skulu geta sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að þær uppfylli allar samræmiskröfur staðla fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum, sem taldir eru upp í 1. mgr. 3. gr. að því er varðar hluta þess kerfis sem þær hanna og/eða stjórna. Þær skulu eingöngu sæta viðurlögum vegna þess hluta neyðarsímtala úr ökutækjum sem þær bera ábyrgð á og hefst ábyrgðin á þeim tíma sem neyðarsímtal úr ökutæki berst opinberri neyðarsímsvörunarstöð fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum í samræmi við landsbundna málsmeðferð.

2. Í því skyni og til viðbótar við aðrar gildandi ráðstafanir og einkum í tengslum við afgreiðslu símtala í neyðarnúmerið 112, skal bæði óunna lágmarksgagnamengið og innihald lágmarksgagnamengisins, sem látin eru talsímaverðinum, sem tekur við neyðarsímtalinu úr ökutæki, í té, geymd í ákveðinn tíma, í samræmi við landsbundnar reglugerðir. Slík gögn skulu geymd í samræmi við 6., 13. og 17. gr. tilskipunar 95/46/EB.

8. gr.

Skýrslugjöf

Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu eigi síðar en 23. október 2013 um stöðu framkvæmdar þessarar reglugerðar. Þessi skýrsla skal m.a. innihalda skrá yfir lögbær yfirvöld, sem meta samræmi aðgerða opinberra neyðarsímsvörunarstöðva fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum, skrána yfir landfræðilega útbreiðslu neyðarsímsvörunarstöðva fyrir símtöl í neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum, áætlun um útbreiðslu næstu tvö árin, lýsingu á samræmisprófunum og lýsingu á samskiptareglum um friðhelgi einkalífs og gagnavernd.

9. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir um grunnvirki sem er tekið í notkun frá þeim degi þegar þessi reglugerð öðlast gildi. Hún gildir frá 23. apríl 2014 um grunnvirki sem hafa þegar verið tekin í notkun á gildistökudegi þessarar reglugerðar.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO